

Íslenska

1-4. bekkur

Íslenskukennsla í 1.-4. bekk Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem settu eru fram í Aðalnámskrá við lok 4. bekkjar. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist íslenskunámið í eftirfarandi þætti: talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan. Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Þó íslenskunáminu sé skipt í þessa 4 þætti þá skarast þessir þættir í einstökum verkefnum og einnig eru mörg viðfangsefni íslenskunnar óhjákvæmilega viðfangsefni í fleiri námsgreinum.

Námsmat Hörðuvallaskóla fer fram jafnt og þétt á námstíma nemenda og er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Í Hörðuvallaskóla eru allir þættir námsins Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 4. bekkjar.

Talað mál, hlustun og áhorf

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
Nemandi getur: Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Framburður Leikræn tjáning Að rökstyðja mál sitt Frásagnir Lýsingar á fyrirbærum, Endursögn Hlustun á upplestur og leikið efni, ljóð og söngva Nýting rafræns efnis Samskipti Kurteisi	Unnið er markvisst með samskipti og framkomu. Nemendur fá tækifæri til samræðu, að lesa upphátt, segja frá, hlusta á lesið eða leikið efni, að leika, endursegja og segja frá eigin reynslu og upplifunum. Unnið er með samþættingu talaðs máls, hlustunar, lesturs og ritunar.	Fjölbreytt efni við hæfi til hlustunar og áhorfs. Verkefni sem reyna á framsögn, leikræna tjáningu, frásögn, hlustun, áhorf og endursögn.

Lestur og bókmenntir

Stefna Hörðuvallskóla er að kenna samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis fyrstu þrjú árin. Byrjendalæsi er nálgun í læsiskennslu sem hefur verið þróuð við Háskólann á Akureyri, þar sem unnið er með samþættingu talaðs máls, hlustunar, lesturs og ritunar sem er grundvöllur til árangurs.

Megin áhersla er lögð á talað mál, læsi, lesskilning og ritun, þar sem við eflum orðaforða og færni nemenda á markvissan hátt. Áhersla á fjölbreytt námsefni, samþættingu við aðrar námsgreinar og virkni nemenda. [Sjá læsisstefnu skólans.](#)

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi. Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings. Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap. Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu. Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi. Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.</p>	<p>Umskráning hljóða og stafa Orðaforði Lesskilningur Tengin eigin þekkingar við lesið efni Val á lesefni Fjölbreyttur lestur á fjölbreyttu lesefni Persónusköpun Söguþráður Umhverfi í sögum Boðskapur Rím Kvæði, vísur og ljóðlínur Upplýsingaöflun Lestur tákmynda, einfaldra skýringamynda, korta og myndrita Yndislestur</p>	<p>Fjölbreytt lestrarkennslu verkefni Unnið fjölbreytt með ævintýri, þjóðsögur og ljóð Nemendur fá tækifæri til að velja sér lesefni. Samræða um lesefni. Nemendur vinna verkefni sem reyna á upplýsingaöflun og lestur úr tákmyndum, skýringamyndum og kortum. Unnið er með samþættingu talaðs máls, hlustunar, lesturs og ritunar.</p>	<p>Fjölbreytt lesefni og lesverkefni við hæfi, bæði á pappír og á rafrænu formi, bókmenntir, ljóð og fræðiefni.</p>

Ritun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis. Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.</p>	<p>Að draga til stafs Ritun texta Upphaf Meginmál Niðurlag Samning texta, saga, frásögn, ljóð og skilaboð Beiting stafsetningarreglna Nýting fyrirmynda í ritun Ritvinnsla</p>	<p>Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun. Bæði verkefni sem tengjast skrift og verkefni sem tengjast því að semja eigin texta. Nemendum gefin tækifæri til að deila eigin textum með öðrum.</p>	<p>Skriftar og ritunarverkefni við hæfi. Verkefni og vinnubækur sem tengjast ritun. Fyrirmyndir góðra ritunarverkefna til taks og umfjöllunar. Stafsetningaræfingar. Unnið er með samþættingu talaðs máls, hlustunar, lesturs og ritunar.</p>

Málfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska. Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu. Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta. Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta. Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.</p>	<p>Beiting málfræðihugtaka Málsnið Uppfletting í handbókum og orðasöfnum um íslenskt mál Beygingarreglur Orðflokkar Fjölbreytt beiting tungumálsins Málshættir Orðasambönd Viðeigandi málnotkun Skapandi kraftur tungumálsins</p>	<p>Unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt. Æfingar lagðar fyrir nemendur þar sem þeir fá tækifæri til að beita tungumálinu og læra um beitingu þess og uppbyggingu. Fjallað um mikilvægi tungumálsins sem verkfæris til hugsunar, túlkunar greiningar og samskipta.</p>	<p>Málfræðiverkefni Verkefni í orðflokkgreiningu Fjölbreytt ritunarverkefni Orðsöfn og orðabækur Skapandi ritunarverkefni Orðfloknaverkefni Verkefni um orðtök og málshætti</p>